



**526. fundur Þingvallanefndar**  
**23. mars 2026 kl. 12:00 - 13:00**  
**Færeyska Herbergið**  
**Alþingishúsi**

Mætt: Sigurður Helgi Pálmason formaður, Ása Berglind Hjálmarsdóttir varaformaður, Jón Gnarr, Karl Gauti Hjaltason og Vilhjálmur Árnason. Víðir Reynisson varamaður kom í stað Eydísar Ásbjörnsdóttur sem boðaði forföll. Sigurður Ingi Jóhannsson boðaði forföll vegna veikinda og varamaður Halla Hrund Logadóttir var erlendis og komst ekki.

Gestur: Jakob Frímann Magnússon

Formaður setur fund.

**1. Erindi Jakobs Frímans Magnússonar – tónleikar Kaleó**

Jakob Frímann fer yfir innsend gögn og kynnir dagskrá og skipulag hátíðarinnar stuttlega í upphafi fundar. Víkur af fundi að loknu máli sínu.

Umræða um innsend gögn tónleikahaldara og umsagnir.

Þingvallanefnd, sem umsagnaraðili, gerir ekki athugasemdir við þær vegalokanir sem lagðar eru til af hálfu lögreglustjórans á Suðurlandi, að því marki sem þær teljast nauðsynlegar til þess að fyrirhugaður viðburður í Þjóðgarðinum þann 20. júní næstkomandi geti farið fram. Þingvallanefnd samþykkir að heimila tónleika með framlögðum gögnum og ganga til samninga við Tónaþing.ehf og Polarbeat.ehf. Þjóðgarðsverði falið að vinna að samningi og kynna Þingvallanefnd með tölvupósti.

Jón Gnarr situr hjá og setur fram bókun:

Vegna fyrirhugaðra tónleika hljómsveitarinnar Kaleo á Þingvöllum. Þar sem mér hefur ekki gefist tími til að yfirfara gögn vegna tónleikanna sé ég mér ekki fært að greiða atkvæði með tillögunni. Þingvellir eru helgur staður í mínum huga. Ég veit ekki hvernig svona viðburður samræmist lögum um Þjóðgarða eða skilyrðum UNESCO. Ég óttast líka að ákvörðunin sé fordæmisgefandi og fleiri svipaðar hugmyndir muni fylgja í kjölfarið. Ég vil alls ekki gera lítið úr aðstandendum og skipuleggjendum viðburðarins og óska þeim allrar blessunar og vona að þessir tónleikar gangi vel og verði okkur öllum til sóma. Ég leggst ekki gegn tillögunni en kýs að sitja hjá við atkvæðagreiðslu.

Fundi slitið.